



Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis
nefnasvið@althingi.is

Reykjavík, 16. desember 2015


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum (EES-reglur, lengri verndartími hljóðrita), 362. mál

Vísast til endurflutts frumvarps til laga um breytingu á höfundalögum nr. 73/1972, með síðari breytingum (EES-reglur, lengri verndartími hljóðrita), þskj. nr. 487. Er með umræddu frumvarpi verið að innleiða hluta af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/77/ESB frá 27. september 2011 um breytingu á tilskipun 2006/116/EB um verndartíma höfundaréttar og tiltekinna skyldra réttinda (verndartímatilskipunin).


Frumvarp þetta er eitt af fimm frumvörpum um breytingu á höfundalögum á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar fyrir yfirstandandi löggjafarþing. Tvö af þeim frumvörpum hafa ekki verið lögð fram á þingi, þar á meðal frumvarp til breytinga á 11. gr. höfundalaga. Það frumvarp miðar að því að setja skýrari reglur um heimild einstaklinga til eintakagerðar eftir birtum verkum til einkanota eingöngu og álagningu svokallaðs höfundarréttargjalds á stafræna geymslumiðla. Er hér um að ræða mikið hagsmunamál fyrir félagsmenn Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK) enda er þessu frumvarpi ætlað að taka mið af tækniþróun í eintakagerð. Vill SÍK því áréttta mikilvægi þess að umrætt frumvarp sé lagt fram og afgreitt á Alþingi sem allra fyrst til að innheimta höfundarréttargjalds verði skilvirkari og gjaldheimtan beinist að þeim tækjum sem notuð eru til slíkrar eintakagerðar. Núverandi reglur eru einfaldlega úreltar og mikil þörf á að uppfæra.

SÍK fagnar tilkomu þessa frumvarps og leggur til að það verði samþykkt en áskilur sér þó rétt á síðari stigum til að koma með frekari athugasemdir við efni frumvarpsins.

f.h. SÍK


Hilmar Sigurðsson
formaður SÍK

f.h. SI


Katrín D. Þorsteinsdóttir
viðskiptastjóri SÍK innan SI